

ingu leigumálans eða að gerðarþolar hafi mátt ætla, að sú væri meining hans, enda höfðu þeir ekki nærri lokið því að greiða skuld sína um áramót.

Vegna þessara vanskila, sem að framan er lýst, þykir ekki verða hjá því komizt að taka kröfu um útburð til greina. Þó þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. maí 1969.

Nr. 7/1969. **Knud Andersen og Willum Andersen**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Guðmundi Guðlaugssyni**

(Gunnar Jónsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línadal.

Skipstjóralaun. Sjóveðréttur. Ómerking ummæla.

**Dómur Hæstaréttar.**

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Eliasson og Páll Þorbjörnsson skipstjórar hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 13. janúar 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefjast þeir þess, „að ummæli í dómsforsendum, „verður framkoma Knuds ... í því

ljósi með afbrigðum óhreinlynd“, verði ómerkt og að héraðsdómarinn látinn sæta vitum“ fyrir þau.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa þeir áfrýjandinn Willum Andersen og stefndi komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var stefndi ráðinn skipstjóri á skip áfrýjanda, Metu, VE 236, 22. október 1966, og var ráðningartíminn óákveðinn. Var stefndi síðan skipstjóri á skipinu fram í miðjan desember 1966. Hinn 15. eða 16. desember 1966 virðist stefndi hafa beðið áfrýjandann Knud Andersen um leyfi til þess að fara til Reykjavíkur og dveljast þar fram yfir hátíðar. Eigi er ljóst, hvernig orðaskipti hafa fallið með aðiljum í umrætt sinn, en ætla verður samkvæmt málflutningi, að svör áfrýjandans Knuds Andersens hafi verið slík, að stefndi hafi mátt treysta því, að leyfi þetta væri veitt. Fór stefndi síðan til Reykjavíkur, en kom aftur til Vestmannaeyja milli jóla og nýjárs. Tók stefndi eigi við skipstjórn hjá áfrýjendum eftir það, enda seldu þeir skipið um þessar mundir.

Samkvæmt ákvæðum 19. gr. kjarasamnings þess, sem aðiljar eru sammála um, að gilt hafi um skipti þeirra, er uppsagnarfrestur skipstjóra þrír mánuðir. Gegn andmælum stefnda er ósannað, að hann hafi sjálfur sagt lausum starfa sínum. Eigi eru heldur sannaðar þær ávirðingar stefnda, er hefðu heimilað áfrýjendum að víkja honum úr skiprúmi án fyrirvara. Þar sem stefnda var vikið úr skiprúmi án uppsagnar, á hann rétt á bótum vegna þessa úr hendi áfrýjenda. Samkvæmt þessu og þar sem kröfur stefnda hafa eigi sætt tölulegum andmælum, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Rétt þykir að ómerkja og átelja greind ummæli.

## Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Knud Andersen og Willum Andersen, greiði stefnda, Guðmundi Guðlaugssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 17. júlí 1968.**

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með utanréttarstefnu, útgefinni 6. marz 1967 og birtri næsta dag, af Guðmundi Guðlaugssyni skipstjóra, Heimagötu 11 hér í bæ, á hendur þeim Knud Andersen útgerðarmanni, Hásteinsvegi 27 hér í bæ, og Willum Andersen útgerðarmanni, Heiðarvegi 55 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta (eigi er tekið fram berum orðum, að krafan sé um ábyrgð in solidum) að fjárhæð kr. 54.207.27 með 8% ársvöxtum frá 28. janúar 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Metu, VE 236, fyrir kröfunum.

Enn fremur er málið höfðað „til réttargæzlu“ af sama aðilja með sömu stefnu á hendur þeim Jóni Ingólfssyni útgerðarmanni, Urðarvegi 15 hér í bæ, og Friðriki J. Garðarssyni útgerðarmanni, Urðarvegi 18 hér í bæ, báðum til að viðurkenna og þola sjóveðrétt í m/b Metu, VE 236, (eign þeirra) fyrir ofangreindum kröfum.

Af hálfu stefndu Knuds og Willums er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og að þeim verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Af hálfu hinna meðstefndu Jóns og Friðriks eru engar kröfur gerðar.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að um skeið árið 1966 hafi hann verið ráðinn skipstjóri á m/b Metu, VE 236, þá eign stefndu Knuds og Willums, og hafi hann verið ráðinn til óákveðins tíma. Rétt fyrir áramót 1966—1967 hafi skipið verið selt þeim meðstefndu Jóni Ingólfssyni og Friðriki J. Garðarssyni, þannig að stefnandi hafi misst stöðu sína fyrirvaralaust og án nokkurrar uppsagnar af hálfu hinna stefndu, og telur stefnandi aðalstefndu bera skýlausa fébótaábyrgð gagnvart sér vegna þessa

fyrirvaralausa starfsmissis. Hafi stefndu neitað bótum og máls-höfðun því óhjákvæmileg.

Í greinargerð er ekki gerður greinarmunur á þeim stefndu Knud og Willum annars vegar og þeim Jóni og Friðriki hins vegar og allir jafnt stefndir nefndir, en greinarmun á kröfum er haldið, utan hvað þeir Jón og Friðrik eru ekki nefndir stefndir til réttargæzlu.

Nánara kveður stefnandi sig hafa verið skipstjóra á téðum báti haustið 1966 og hafi hann lögskráð á skipið 22. október þ. á. og hafi hann haft skipstjórn undir höndum fram undir jól umrætt ár, er hann hafi farið í jólafrí til Reykjavíkur með leyfi eigenda skipsins. Hafi ætlunin verið, að stefnandi yrði í frí fram yfir nýjár, en hefði með höndum skipstjórn á komandi vetrarvertíð, enda hafi stefnandi „lagt drög að ráðningu skipshafnar af þeim sökum“. Hafi stefnandi komið fyrr úr jólafríinu en ráðgert var, eða strax eftir jól, og þá skömmu síðar frétt, að þeir stefndu Knud og Willum hefðu skyndilega selt m/b Metu til meðstefndu Jóns og Friðriks, en stefnanda hafi verið með öllu ókunnugt um, að sala á skipinu stæði fyrir dyrum, enda stefndu Knud og Willum á engan hátt gefið slíkt til kynna.

Með þessu móti kveðst stefnandi skyndilega og fyrirvaralaust hafa verið sviptur stöðu sinni sem skipstjóri á Metu án nokkurrar uppsagnar af hálfu útgerðarmanna og án þess að vera vikið úr stöðunni með öðru móti og beri stefndu Knud og Willum skýlausa fébótaábyrgð vegna þess arna.

Skaðabótakröfur sínar kveður stefnandi reistar á skýlausum ákvæðum sjómannalaga og vertíðarsamningi milli L. Í. Ú. v/ „Útvegsm.fél. Vestmannaeyja“ og Skipstjóra og stýrimannafélagsins Verðandi hér í bæ með síðari breytingum á þeim samningi.

Bótakröfurnar sundurliðar stefnandi þannig:

- 1) Kauptrygging skipstjóra í 3 mánuði, kr. 16.283.00 þ. m. = 48.849.00.
- 2) Fast mánaðarkaup, kr. 604.00, kr. 1.812.00.
- 3) Orlof 7% af kr. 50.661.00 (þ. e. 44.849.00 + 1.812.00), kr. 3.546.27.

Samtals gera kröfur þessar höfuðstól stefnukrafnanna.

Kröfur þessar eru byggðar á umburðarbréfi F. F. S. Í. um kaupgjald yfirmanna á skipum frá 1. september 1966 og síðar.

Umrætt umburðarbréf svo og áðurgreindur samningur etc.

hafa verið lögð fram sem dómsskjöl í máli þessu (dskj. nr. 4 og 8).

Stefnandi kveður, að í því tilfelli, er hér um ræðir, hafi eiginleg frávikning eigi átt sér stað, en aftur á móti hafi salan á skipinu og afhending þess til nýrra eigenda haft í för með sér fyrirvaralausan stöðumissi fyrir stefnanda, sem að öllu leyti megi jafna til frávikningar án saka, hvað hann snerti.

Þá kveður stefnandi sér eigi hafa verið sagt upp, svo sem lög standi til, sbr. auk 2. gr. sjómannalaga 19. grein samnings L. Í. Ú. og F. F. S. Í.

Þá kveðst stefnandi ekki heldur hafa sagt upp stöðu sinni né vikið úr henni á annan hátt, þar eð hann hafði búizt við að gegna henni út „yfirstandandi“ vetrarvertíð, svo sem ráð hafi verið fyrir gert.

Þá áskilur stefnandi sér rétt til frekari kröfugerðar síðar, verði tilefni til, þ. á m. til aflahlutar samkvæmt 8. gr. sjómannalaga. Þessi krafa hefur þó ekki komið fram.

Stefndu Jón og Friðrik hafa ekki séð ástæðu til að skila greinargerð, en í greinargerð aðalstefndu Knuds og Willums segir m. a. svo:

Stefnandi málsins hafi komið drukkinn til stefnda Knuds hinn 15. eða 16. desember 1966 og fengið leyfi þessa stefnda til þess að fara „suður“ í þeim tilgangi að láta „renna af sér“, en hafi jafnframt heitið því að koma allsgáður eftir jól og fara út á veiðar. Raunin hafi þó orðið önnur. Hafi stefnandi komið „jafndrukkinn og hann fór“ og hafi því allar forsendur verið brostnar fyrir greindu leyfi. Stefnandi hafi sagt Knud, að hann færi ekki út í bátinn framar, og hafi ekki haft frekara fyrir því að tala við útgerðarmann m/b Metu. Hafi stefnandi ekki sagt löglega upp, en hlaupið af bátnum „án heimildar“.

Þá segir í greinargerð, að gert hafi verið upp við stefnanda til þess tíma, er hann fór, og hafi stefnandi aldrei gert athugasemdir við uppgjörið.

Þá kveða stefndu Knud og Willum í greinargerð stefnanda ljóslega mjög hafa vanrækt starfa sinn, er hann hafi legið í drykkjuskap og ekki stundað veiðar, en útgerðin orðið að borga áhöfn kaup án þess að fá afla í staðinn.

Þá kveða þeir stefndu Andersen, en þeir eru bræður, að er þeir hafi séð, „hvert stefndi, eftir að stefnandi hafi sagt, að hann stigi aldrei út í bátinn framar, þá voru þeir tilneyddir til að selja bátinn, og var það ekki gert fyrr en 6. janúar 1967“. Hafi

stefnandi haft nægan tíma til að taka orð sín um brottför aftur, hefði áhugi verið fyrir hendi.

Þá telja stefndu Knud og Willum, að stefnandi hafi ekki hagað sér alls kostar rétt, áður en téð atvik urðu. M. a. hafi hann, er hann fór með skipið í „sölutúr“, átt að selja í Grimsby, en hafi í þess stað selt í Aberdeen að útgerðinni „fornspurðri“, en vitað mál verið, að þar fengist minna verð fyrir aflann en í Grimsby. Þá kveða þeir stefnanda hafa verið sektaðan fyrir smygl, „og er það ekki til eftirbreytni“, eins og segir í greinargerð.

Áskilja stefndu Knud og Willum sér rétt til að gagnstefna í málinu og krefja stefnanda málsins um skaðabætur fyrir „afla-tjón vegna legu stefnanda í drykkjuskap“ og bætur fyrir „greiðslu kaups til skipverja, þegar bátnum var ekki haldið til fiskjar af sömu ástæðum, en var bundinn við bryggju, þegar aðrir reru“.

Stefndi Willum hefur eigi gefið aðiljaskýrslu í málinu, enda þess krafizt af hvorugum lögmanni aðilja, enda ekki nein líkindi til sjálfstæðs framburðar af hans hendi, er horfa mætti málinu til upplýsingar. Hins vegar hefur stefndi Knud, sem talinn var útgerðarstjóri, gefið aðiljaskýrslu, dags. 7. apríl 1967.

Staðfesti Knud skýrslu sína sem aðiljaskýrslu fyrir dómi hinn 13. s. m. án þess að hafa nokkuð frekara fram að færa en í skýrslunni stendur, en þar segir m. a. svo:

Að stefndi hafi skráð á Metu 22. október til ákveðins tíma, þ. e. til 31. desember 1966. Hafi hann siglt einn túr til Aberdeen með 19 tonn fiskjar og selt fyrir 1.906 sterlingspund og þar verið dæmdur í 12 punda sekt fyrir vindlingasmeygl, en eytt 42 pundum meira en lög leyfa í eigin þágu, rekið síðan matsveininn af skipinu, er heim kom, og hafi matsveinn þessi þá staðið í 3 þúsund ísl. kr. skuld við útgerð skipsins. Síðan hafi stefndi stundað veiðar fram í desember, en komið til skýrslugjafans 15. eða 16. þ. m. og þá verið drukkinn og sagzt ætla að fara til Reykjavíkur til föður síns til að hætta drykkju. Hafi stefnandi spurt Knud, hvort hann „væri nokkuð vondur út af því“. Hafi Knud kveðið nei við, en stefnandi lofað að koma strax aftur eftir jól og fara til veiða „milli hátíða“. Hafi stefnandi og sagt Knud, að hann þyrfti ekki að óttast „að hann myndi ekki standa í stykkinu vegna drykkjuskapar“. Síðan hafi stefnandi komið til stefnda Knuds 28. s. m. og verið þá „enn drukkinn“ og spurt hann, hvort hann væri nokkuð „vondur út í sig“. Hafi Knud þá kveðið svo vera, enda allt of langt gengið hjá stefnanda. Hafi stefnandi þá sagt Knud hafa vitað, að hann ætlaði „suður“, en Knud kveðst

hafa játað því og einnig sagt, að stefnandi hefði lofað „að fara strax út eftir jóla“, en stefnandi ekki verið þesslegur þá stundina. Hafi nú stefnandi spurt, hvort hér væri um uppsögn að ræða, en Knud kveðið nei við því, en sér (þ. e. Knud) hins vegar „heimilt að láta hann vita, að ekki væri hægt að láta bjóða sér allt“. Hafi stefnandi þá kveðizt taka þetta sem uppsögn, en Knud kveðið svo ekki vera. Hafi stefnandi síðan vitnað til forspár um viðskipti stefnanda og beggja aðalstefndu og sagzt ekki mundu stíga út í umrætt skip framar. Hafi hann síðan gengið að dyrum fram og þá endurtekið síðastgreinda yfirlýsingu.

Loks kvað stefndi Knud í skýrslu sinni vitað vera um báta, er stundað hafi veiðar á því tímabili, er stefnandi „hreyfði margtéd skip ekki úr höfn“, hafa gert, flestir hverjir, „tvo túra“ og sumir aflað ágætlega, eða fyrir 150–180 þús. krónur. Hálfsmánaðartrygging, „sem Meta varð að greiða þennan tíma“, muni svo hafa numið um 35 til 40 þús. krónum.

Að síðustu kveður stefndi Knud stefnanda aldrei hafa talað við sig orð eftir marggreinda samræðu.

Í framangreindu réttarhaldi, er stefndi Knud gaf skýrslu sína, kvað hann aðspurður, að víst hefði ætlunin verið, að stefnandi yrði áfram skipstjóri, hefði skipið eigi verið selt.

„Aðspurður kveður stefndi eigi hafa verið búíð að ræða sölu á skipinu, er samtalið 28/12 átti sér stað“. Hér er upp tekin orðrétt setning úr skýrslutöku af stefnda Knud áðurgreindan dag, sbr. síðar, en stefndi Knud kvað umræður um sölu fyrst hafa komið til tals 29. eða 30. desember umrætt ár.

Aðspurður kvað Knud útgerðina aldrei hafa sagt stefnanda upp skipstjórn samkvæmt gildandi kjarasamningum svo og hafi útgerðin ekki tekið við skriflegri uppsögn stefnanda, enda kvað hann og aðspurður stefnanda ekki á annan hátt hafa verið vikið úr starfi.

Aðspurður í sama réttarhaldi neitaði stefnandi að hafa „rokið“ af Metu „í fússi“ og eigi róíð milli jóla og nýárs, með því að sér hafi verið sagt, „að búíð væri að selja bátinn og að aðrir menn væru ráðnir þar til starfa“. Hafi þetta verið eftir samtalið við stefnda Knud 28. desember, en fregnin enn fremur verið síðar staðfest af stefnda Willum, enda réttmæti hennar komið á daginn. Þá kveðst stefnandi hafa farið að skipshlið einhvern tíma eftir umrædda atburði og þá séð þá meðstefndu Jón og Friðrik „við vinnu“. Hafi stefnandi síðar ekki farið um borð í Metu, „nema til að sækja dót sitt nokkru síðar“. Aðspurður kvað

stefnandi þó „engin orðaskipti“ hafa „átt sér stað í þessu til efni“.

Hinn 30. maí s.l. gáfu þeir meðstefndu Jón og Friðrik aðilja-skýrslur fyrir dómi.

Þar aðspurður, hvort stefndi Jón mundi, hvenær fyrst hefði borið í tal, að hann og meðstefndi Friðrik keyptu m/b Metu af hinum stefndu Knud og Willum, kvaðst stefndi Jón muna það „greinilega“, „en það hafi verið fyrsta rúmhelgan dag eftir jól 1966, þ. e. 27. desember þ. á.“.

Ekki hafi kaupin þó verið endanlega ákveðin þann dag, en eigi mundi stefndi Jón, hvenær það hefði orðið.

Aðspurður kvað stefndi Jón þá félagar „að sjálfsögðu hafa farið niður á bryggju að skipinu, þegar eftir að salan kom til tals“, og eigi þvertók hann fyrir, að þeir hefðu farið um borð, en minnst þess eigi að hafa séð stefnanda þarna niður frá, en kvaðst hafa tekið við skipinu tilbúnu til veiða.

Í sama réttarhaldi gaf meðstefndi Friðrik skýrslu. Hné hún mjög til sömu áttar sem Jóns.

Þó kvað Friðrik *endanleg* kaup eigi ákveðin verið hafa fyrr en jafnvel eftir áramót.

Þá kvað stefndi þá félagar eigi hafa farið um borð til vinnu, fyrr en eftir að kaup voru gerð endanlega, en neitaði ekki, að þeir félagar hefðu farið niður að skipi, eftir að kaupin komu til tals.

Við munnlegan málflutning urðu að kröfu dómsformanns nokkrar reifanir um áburð þann um drykkjuskap stefnanda og aðra óeðlilega hegðan, er fram kemur í skjölum málsins.

Mótmælti umboðsmaður stefnanda með öllu staðhæfingum í þessar áttir sem órökstuddum og ósönnuðum fullyrðingum umfram það, er viðurkennt væri í dskj. nr. 7 varðandi tímabilið milli jóla og nýárs 1966. Sérdeilislega mótmælti lögmaðurinn því, að stefnandi hafi að eigin frumkvæði selt í Aberdeen í stað Grimsby á sínum tíma, enda hafi sú sala farið fram á umræddum stað að tilhlutan umboðsmanns m/b Metu í Grimsby vegna bilunar á siglingatækjum etc., og sérstaklega mótmælti hann sérhverjum áburði um óreglu af hálfu stefnanda, „meðan hann hafði á hendi skipstjórn á m/b Metu“.

Þá andmælti lögmaður stefnanda atriðum í málflutningi stefndu, er fólu í sér sem málsatriði niðurfall róðra, „eftir að stefnandi hafði verið sviptur skipstjórn“.

Lögmaður hinna stefndu lagði hins vegar höfuðáherzlu á



drykkjuskap og óeðlilega hegðan stefnanda „án þess þó að mótmæla skýringum lögmanns stefnanda í þá átt, bæði að því er varðar áburð um drykkjuskap stefnanda, meðan hann hafði skipstjórn á hendi, og skýringum á sölnni í Aberdeen“.

Loks mótmælti lögmaður stefnanda við málflutning án endurmótmæla frá lögmanni hinna stefndu því sem málsatriði, að eigi hefði verið lögskráð á m/b Metu, VE 236, TFGQ, nema til ársloka 1966, enda sé samkvæmt formum og eyðublöðum gert ráð fyrir, enda föst venja hér í Eyjum, er m. a. byggist á lögum um lögskráningu etc., að skipshafnir séu skráðar til ársloka, en síðan endurskráðar.

Þá lagði lögmaður stefnanda höfuðáherzlu á, að útgerðarstjórnin, stefndi Knud, hefði gert ráðningarsamning við stefnanda um skipstjórn fyrir vetrarvertíðina 1967, enda verði og að telja, að skipstjóri sé aldrei „lögskráður“, þar eð hann á hinn bóginn lögskrái skipshöfn með viðeigandi undirritunum.

Þessum síðustu staðhæfingum var heldur eigi mótmælt við flutning af hálfu lögmanns hinna stefndu.

Í málinu er hins vegar sammæli um, að stefnanda hafi eigi verið sagt upp í samræmi við ákvæði 19. gr. vertíðarsamnings L. Í. Ú. og F. F. S. Í., dskj. nr. 8 í málinu.

Varðandi varnir hinna stefndu, er byggja á 2. mgr. og 4. gr. og á 5. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, er þess að gæta, að engar sönnur hafa verið færðar á, að stefnandi hafi sýnt af sér ódugnað, óráðvendni, stórkostlegar yfirsjónir né leynt sjúkdómi o. þ. h., meðan hann hafði skipstjórn á m/b Metu.

Telja verður fyrri ávirðingar stefnanda, svo sem sölu á röngum stað, eyðslu gjaldeyris, brottvikningu matsveins eða sektir fyrir meint smygl, fyrst og fremst ósannaðar að saknæmi fyrir stefnanda, en í annan stað málinu öldungis óviðkomandi.

Telja verður sem ósannaðar staðhæfingar í málinu, að stefnandi hafi hlaupizt á brott af skipinu „í fússi“ eða þess háttar, að hann hafi legið í drykkjuskap, að hann hafi ekki stundað róðra vegna hins síðastnefnda, að hann hafi lofað að róa milli jóla og nýjárs (þ. e. áður en aðalvertíð hefst) svo og um aflatjón útgerðar m/b Metu vegna hugsanlegra róðra í síðari hluta desembermánaðar umrætt ár, enda er og síðastnefnt atriði ekki haft uppi sem grundvöllur skuldajafnaðarkröfu, sem eðlilegast væri, ef staðhæfing sú væri alvarlega meint.

Þá verður þess að geta, að öldungis ósannað er gegn neitun stefnanda, að hann hafi lýst því yfir, að hann mundi „ekki stíga

út í bátinn framar“, og þá eigi síður staðhæfingin um, að salan hafi orðið vegna brottfarar stefnanda, sbr. síðar.

Í framhaldi af áðurröktum atvikum verður svo að telja eðlilegt hátterni af stefnanda hálfu, að hann fór eigi síðar um borð í margrætt skip, utan til þess að sækja þjónkur sínar.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hefur leyfi útgerðarstjóra frá skipstjórn frá því eftir miðjan desember og fram yfir jól (enda þótt ósönnuð sé staðhæfing stefnanda um leyfi fram yfir nýjár).

Ómótmælt er, að stefnandi kemur hingað til Eyja hinn fyrsta rúmhelgan dag eftir jól 1966, þ. e. 27. desember.

Það er óvafengt, að stefnandi á tal við útgerðarstjóra, stefnda Knud, hinn 28. desember 1966.

Samkvæmt framburði stefnanda, sem studdur er viðurkenn-ingum meðstefndu Jóns og Friðriks, verður að telja sannað, að undirbúningur að kaupum m/b Metu hafi hafizt hinn 27. desember, eða degi áður en margrætt tal þeirra stefnanda og Knuds átti sér stað, og verður framkoma Knuds samkvæmt eigin frá-sögnum í því ljósi með afbrigðum óhreinlynd, sbr. aðiljaskýrslu hans dsj. nr. 6.

Ljóst er, að annað hvort telst stefnanda hafa verið vikið úr stöðu sinni vegna eigin hegðunar og eigi hann því ekki rétt á kaupi nema samkvæmt áðurgerðu uppgjöri miðað við þann tíma, er skipstjórn lauk, ellegar að stefnanda hafi verið sagt upp stöðu sinni samkvæmt heimild 1. mgr. 3. gr. sjómannalaganna, sem útgerðarmanni stendur jafnan opin, hversu sem högun skipstjóra er háttað.

Ljóst þykir, að fyrri möguleikinn sé ekki fyrir hendi.

Telja verður, að með sölu skipsins (m/b Metu) hafi útgerðarmenn, stefndu Knud og Willum, raunverulega vikið stefnanda úr stöðu hans, þannig að jafngildi frávikningu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. sjómannalaga, sem að vísu er jafnan útgerðarmanni heimil án tillits til aðstæðna.

Er svo stendur á, á skipstjóri, og gildir það um stefnanda í máli þessu, jafnan rétt á bótum fyrir allt tjón vegna frávikningarinnar samkvæmt 2. mgr. téðrar greinar.

Samkvæmt 3. mgr. skal, ef ekki er annað sannað um upphæð tjóns, ákveða bætur sem 3ja mánaða kaup etc.

Síðastgreinda kröfu á stefnandi án tvímæla á hendur stefndu Knud og Willum í máli þessu.

Kaupútreikningi stefnanda samkvæmt dskj. nr. 2 hefur hvergi

verið mótmælt af hinum stefndu, og verður hann því lagður til grundvallar sem skaðabætur óbreyttur.

Með vísan til ofangreindra raka er og öllum gagnkröfum stefndu á hendur stefnanda vísað á bug.

Að því er varðar vaxtakröfu stefnanda á hinn bóginn, verður eigi fallið á vaxtahæð.

Þykir hæfilegt að reikna vexti 7% í stað 8% p. a., svo sem krafist er.

Þá þykir einungis bera að tildæma vexti af höfuðstólsfjárhæðinni frá stefnubirtingardegi.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 fylgja framangreindum kröfum auk málskostnaðar sjóveðréttur í m/b Metu, VE 236, TEGQ, þeim til tryggingar, og ber stefndu Jóni og Friðriki að þola dóm í þá átt.

Eftir atvikum málsins ber að dæma stefndu Knud og Willum til greiðslu málskostnaðar in solidum til stefnanda, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.500.00.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndu Knud Andersen og Willum Andersen greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Guðlaugssyni, kr. 54.207.27 með 7% vöxtum p. a. frá 7. marz 1967 til greiðsludags og kr. 12.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sjóveðréttur í m/b Metu, VE 236, EFGQ, eign stefndu Jóns Ingólfssonar og Friðriks J. Garðarssonar, til tryggingar öllum framangreindum dæmdum kröfum viðurkennist.

---